



BREYTING Á AÐALSKIPULAGI HÚSAVÍKURBÆJAR 2005-2025 (NÚ NORÐURÞING)



TILLAGA TIL AUGLÝSINGAR

ÚTG. 05 / OKT. 2009



MANNVIT
VERKFRÆÐISTOFA

Efnisyfirlit

Breyting á aðalskipulagi:

1.1	Inngangur	2
1.2	Breyting á háspennulínunum	2
1.3	Breyting á vegi	2
1.4	Staðsetning efnistökusvæða	3
1.5	Breyting á iðnaðarlóð á Bakka	4
1.6	Ýmislegt	4
1.7	Umhverfisskýrsla, samantekt	4

1. INNGANGUR

Vegna áforma um orkufrekan iðnað við Húsavík er nú unnið að undirbúningi virkjunar háhitasvæðanna á Þeistareykjum ásamt frekari virkjunum í Kröflu og Bjarnarflagi. Sveitarfélögin sem fara með skipulagsmál í Þingeyjarsýslum, þ.e. Norðurþing, Skútustaðahreppur, Aðaldælahreppur og Þingeyjarsveit, hafa unnið svæðisskipulag þar sem mótuð er stefna um iðnaðarsvæði til orkuvinnslu, legu flutningslína frá orkuvinnslusvæðum til Húsavíkur, aðkomuvegi og verndarsvæði vegna náttúru- og menningarminja.

Tilgangur aðalskipulagsbreytingar þessarar er m.a. að samræma aðalskipulag Húsavíkurbæjar í sveitarfélaginu Norðurþingi við Svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025, sem staðfest var af umhverfisstjórnunum þann 16. janúar 2008 m.t.t. fyrirhugaðra framkvæmda sem ákvarðaðar hafa verið í sameiginlegt mat á umhverfisáhrifum.

Sveitarfélagið Norðurþing er sameinað sveitarfélag Húsavíkurbæjar, Kelduneshrepps, Öxarfjarðarhrepps og Raufarhafnarhrepps. Aðalskipulagsbreyting þessi nær til Aðalskipulags Húsavíkurbæjar 2005-2025 sem samþykkt var af umhverfisstjórnunum þann 1. desember 2006, en Norðurþing hefur ákveðið að vinna nýtt aðalskipulag fyrir allt sveitarfélagið.

* * *

Aðalskipulagsbreyting þessi samanstendur af fjórum þáttum: 1) breyting á staðsetningu háspennulína, 2) breyting á veglínu, 3) skilgreining á efnistökusvæðum og 4) breyting á iðnaðarlóð á Bakka.

Aðalskipulagsbreytingin er framsett í greinargerð, á skipulagsupprætti í mkv. 1:50.000 (A1) og á tveimur þemaupprættum í mkv. 1:100.000 (A3). Umhverfisskýrsla fylgir með greinargerð sem viðauki.

Aðalskipulagsbreytingin er unnin hjá Mannviti af Per Langsøe Christensen, arkitekt FAÍ, í samráði við Byggingar- og skipulagsnefnd og sveitarstjórn Norðurþings.

2. BREYTING Á HÁSPENNULÍNUM

Varðandi háspennulínur þá er um að ræða breytingu á staðsetningu tveggja 220 kV lína. Önnur línan kemur inn á svæði aðalskipulagsins að austan, suður við Jónsnípu, og fer að Höskuldsvatni og þaðan til norðvesturs. Hin línan kemur inn á svæði skipulagsins að sunnan, vestan við Rauðhálsa, og fer þaðan til norðurs. Línurnar mætast upb. 2 km vestan við Höskuldsvatn og fara þaðan samsíða til norðurs, austan við Krubbsfjall og þaðan til norðvesturs að Bakka við Húsavík. Á breytingaupprætti eru þessar línuleiðir sýndar, ásamt 300 m svæði beggja megin þeirra. Leyft er að færa línurnar lítilliga innan þessa afmarkaða svæða án þess að þurfa að breyta aðalskipulaginu.

3. BREYTING Á VEGI

Varðandi vegi þá er um að ræða virkjunarveg sem fellur að mestu leyti saman við núverandi Reykjaheiðarveg eins og hann er sýndur á aðalskipulagi Húsavíkurbæjar 2005-2025. Helsta breytingin er á 2,5 km kafla NV við Höskuldsvatn. Á breytingarupprætti er virkjunarvegurinn sýndur með breiðri punktalínu (núverandi Reykjaheiðavegur er áfram sýndur með þunnri línu, aðeins til viðmiðunar).

Um sérstöðu virkjunarvegarins segir í svæðisskipulagi háhitasvæða (bls. 104): „Vegurinn verður í upphafi ... einkavegur. [...] Miðað er við að þegar framkvæmdum ljúki ... geti hann orðið hluti vegakerfis Vegagerðarinnar (landsvegur).“

4. STAÐSETNING EFNISTÖKUSVÆÐA

Í aðalskipulagi Húsavíkurbæjar 2005-2025 er ekki skilgreind efnistökusvæði á Reykjaheiði og víðar. Á breytingarupprætti er sýnd staðsetning efnistökusvæða sem miðar að því að fullnægja þörf fyrir efnistöku vegna virkjunarvegar og háspennulína. Talið er að efnistökusvæðin geymi meira efni en áætlað er að þurfi fyrir þær framkvæmdir og að ekki muni koma til þess að nýta öll svæðin. Tekin verður ákvörðun um hvaða svæði verða nýtt og þau afmörkuð nákvæmar við veitingu framkvæmdaleyfa byggð á frekari upplýsingum í efnistökuáætlunum.

Flest efnistökusvæðanna eru staðsett á vatnsverndarsvæði (4 þeirra eru á grannsvæði vatnsbóls Húsavíkur og þar að auki eru 3 á fjarsvæði þess). Við veitingu framkvæmdaleyfa verður ákveðið um öryggisreglur fyrir verktaka o.fl. til þess að fyrirbyggja óhöpp og/eða draga úr áhrifum af völdum óhappa sem eiga sér stað á vatnsverndarsvæðum.

Áformað er að efnistökusvæði við línustæði verði í flestum tilfellum tekin af skipulagi eftir að framkvæmdum og frágangi náma er lokið. Áformað er að aðrar námur verði áfram á skipulagi og geti nýst við frekari uppbygginu í sveitarfélaginu í samræmi við viðkomandi efnistökuáætlanir.

Á breytingarupprætti eru öll efnistökusvæðin merkt með hring, sem tákna staðsetningu svæðanna en ekki stærð eða lögun þeirra *. Hér að neðan er sagt nánar frá efnistökusvæðunum, flatarmáli þeirra og áætluðu magni efnis:

BG-03	Bakkaá, Eyrar	25.000 m ²	/	15.000 m ³	
BG-10	Gyðuhóll	210.000 m ²	/	800.000 m ³	1)
BG-11	Höskuldslækur	145.000 m ²	/	100.000 m ³	1)
HG-02	Höskuldsvatn 2	110.000 m ²	/	230.000 m ³	1)
HG-07	Grjótagil	30.000 m ²	/	50.000 m ³	2)
RH-02	Hóll við Hvanngil	60.000 m ²	/	100.000 m ³	1)
JN-01	Árnahvammur, Eyrar	80.000 m ²	/	20.000 m ³	1)
RHN-1	Kaldbakur	10.000 m ²	/	20.000 m ³	
RHN-2	Vestan Höskuldsv.	40.000 m ²	/	100.000 m ³	2)
RHN-3	Suðvestan Höskuldsv.	3.000 m ²	/	10.000 m ³	
RHN-5	Við Árnahvamm	135.000 m ²	/	200.000 m ³	1)

1) Matsskylda skv, 21.gr. 1.viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum (50.000 m² / 150.000 m³)

2) Matsskylda skv, 2.gr. 2.viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum (25.000 m² / 50.000 m³)

*) Á upprætti 1:50.000 er þvermál hringtákna 7 mm, sem samsvarar flatarmáli 100.000 m².

5. BREYTING Á IÐNAÐARLÓÐ

Iðnaðarlóðin á Bakka stækkar til suðurs til að ná yfir þynningarsvæði miðað við 346.000 tonna álver. Mörk þynningarsvæðis eru sýnd á skipulagsupprætti með ljósri brotalínu innan iðnaðarsvæðisins

Stækkun iðnaðarsvæðis er um 80% - úr 105 ha í 188 ha. (134 ha vestan Þjóðvegur og 54 ha austan hans). Við stækkunina verður lágmarksfjarlægð að núverandi íbúðarbyggð á Húsavík um 1,25 km, en að skipulagðri íbúðarbyggð nyrst í bænum verður hún um 1,0 km.

Við gerð deiliskipulags skal þess gætt að ekki sé byggt nær sjó en 50 m og að ekki verði hindruð leið fótgangandi meðfram honum (skv. Skipulagsreglugerð gr. 4.15.2). Tryggja skal aðgengi almennings að náttúruminjasvæði á Bakkahöfða.

6. ÝMISLEGT

Gert er ráð fyrir að í tengslum við byggingu flutningsmannvirkja verði lagður ljósleiðari með öllum tengingum, bæði loftlínur og jarðstrengjum. Ljósleiðarinn verði lagður í nágrenni við háspennulínur, þ.e. í línuslóða eða nálæga vegi, en í tilviki jarðstrengja í sama skurð og jarðstrengurinn.

Fyrirhugað er - á uppbyggingartíma Þeistareykjavirkjunar - að leiða vinnurafmagn með jarðstreng frá Húsavík eða frá Kópaskerslínu norðan Höfuðreiðarmúla til Þeistareykja, meðfram virkjunarvegi og/eða línuslóða. Unnt er að heimila lagningu háspennustrengja í jörðu meðfram vegum án breytinga á aðalskipulagi.

7. UMHVERFISSKÝRSLA, SAMANTEKT

Breytingin felur í sér nánari útfærslu á stefnu Aðalskipulags Húsavíkurbæjar 2005-2025 varðandi fyrirhugaðra framkvæmda innan Norðurljósa sem ákvarðaðar hafa verið í sameiginlegu mati á umhverfisáhrifum. Breytingar eru gerðar á staðsetningu háspennulína, veglína Reykjaheiðarvegur og iðnaðarlóð við Bakka stækkun. Staðsetning háspennulína og virkjunarvegur var ákvörðuð með Svæðisskipulagi háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025. Einnig er mörkuð stefna um 11 efnistökusvæði vegna virkjunarvegur og háspennulína.

Bakkafjara og Bakkahöfði ásamt fjörum, skerjum og grunnsævi eru á náttúruminjasvæði. Háspennulínur, virkjunarvegur og efnistökusvæði eru innan vatnasviðs Laxár og svæða sem eru skilgreind sem grann- og fjarsvæði vatnsból. Virkjunarvegur fer yfir Þeistareykjahraun sem nýtur sérstakrar verndar. Votlendi á iðnaðarsvæði við Bakka fellur undir skilgreiningu laga um náttúruvernd um sérstaka vernd mýra og flóa þar sem mýrin er yfir 3 ha að stærð.

Fjarlægð íbúðarbyggðar að iðnaðarsvæði við Bakka stækkun. Mannvirkjagerð veldur varanlegri röskun á landi og ný mannvirki breyta ásýnd þess sem getur með því haft neikvæð áhrif á upplifun á áhrifasvæði breytinganna. Það hefur varanleg neikvæð áhrif á náttúruferðir að taka landsvæði sem njóta sérstakrar verndar undir mannvirki. Við val á efnistökusvæðum var dregið úr áhrifum með því að staðsetja efnistökusvæði í nágrenni framkvæmdasvæða og huga að verndargildi og sýnileika. Talið er að efnistöka og framkvæmdir sem hér er mörkuð stefna um muni hafa óveruleg áhrif á vatnsból og vatnasvið Laxár.

Farið hefur fram skráning á fornleifum. Talið er að áhrif á menningarminjar á iðnaðarlóð geti orðið varanleg neikvæð, en óvissa er um hvert umfang áhrifa verði af uppbyggingu nýrra mannvirkja. Jafnframt er óvissa um hvort áhrifa muni gæta á menningarminjar á áhrifasvæði háspennulína.

Uppbygging virkjunarvegur bætir aðkomu að fyrirhuguðu útivistarsvæði við Höskuldsvatn og að háhitasvæði við Þeistareyki. Gera má ráð fyrir aukinni umferð um Þverholt annars vegar tímabundið á framkvæmdatíma og hins vegar varanlega vegna betri vegar um Reykjaheiði að útivistarsvæðum. Umferð um Þverholt er talin hafa tímabundin neikvæð áhrif á íbúðarbyggð á framkvæmdatíma. Ekki er talið að ónæði vegna umferðar um Reykjaheiðarveg að

framkvæmdum loknum muni hafa áhrif á íbúðarbyggð í nágrenni Þverholts umfram það sem hlutverk hans gerir ráð fyrir.

Fyrirhugaðar framkvæmdir samræmast þeim viðmiðum sem lögð eru til grundvallar um að stuðla að atvinnu innan sveitarfélagsins og víðar á Norðausturlandi.

Hvert umfang áhrifa verður og hvort áhrifa mun gæta á aðra umhverfisþætti vegna fyrirhugaðra framkvæmda er ekki hægt að segja til um á þessu stigi. Það verður háð útfærslu.

Gerð er grein fyrir útfærslu framkvæmda og áhrifum þeirra í deiliskipulagi iðnaðarlóðar, við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og í sameiginlegu mati á umhverfisáhrifum framkvæmda.

Vegna fyrirhugaðra breytinga á aðalskipulaginu verði því beint til framkvæmdaaðila að í stað auðlinda er felast í gróðri og jarðvegi sem glatast við framkvæmdir er brýnt að framkvæmdaaðilar komi af stað gróðri og/eða hraði gróðurframvindu á lítt grónu eða örfokaland þannig að verði gróðurfarslega ígildi þess lands sem raskast.

Vegna skerðingar á votlendi á iðnaðarsvæði við Bakka verður því beint til framkvæmdaaðila að endurheimta jafnstórt votlendi og mun raskast í nágrenni Bakka.

Ekki er talin þörf á sérstakri vöktun af hálfu sveitarfélagsins vegna fyrirhugaðra breytinga á aðalskipulaginu.